

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr.888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Evapo-Rust - Ryðeyðir		
Vörunúmer:	ER012	3,75 Ltr.	
	ER013	18,9 Ltr.	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Hreinsiefni/ryðeyðir.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	KEMI ehf.	Framleiðandi:	CRC Industries, Inc.
	Tunguhálsi 10		885 Louis Dr.
	110 Reykjavík		Warminster, PA 18974, USA
Sími:	4154000		00-1-800-272-4620
Netfang:	kemi@kemi.is		info@evapo-rust.com
Veffang:	www.kemi.is		www.evapo-rust.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P264	Þvoð húð vandlega eftir meðhöndlun.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P420	Geymist aðskilið frá ósamrýmanlegum efnum.
P501	Fargið innihaldi/fláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vatn			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	80-90
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	7732-18-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Innihaldsefni, ekki gefin upp af framleiðanda			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10-20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	Ekki gefið upp af framleiðanda	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð:	Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði. Sé um alvarleg eða viðvarandi einkenni að ræða skal leita læknis eða bráðamóttöku.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Ekki er gert ráð fyrir að erting myndist. Leitið læknis hverfi einkenni ekki fljótt.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, að undanteknum fatnaði sem er fastur við húð, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið snertilinsur ef unnt er. Leitið á bráðamóttöku og haldið áfram skulun.
Inntaka	Skolið munn með vatni. Leitið læknis, verði vart við einkenni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Engin þekkt við ætlaða notkun.
Húð	Veldur húðertingu.
Augu	Veldur alvarlegri augnertingu, sviða og táramyndun.
Inntaka	Engin þekkt við ætlaða notkun.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, sandur, froða, slökkviduft. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eittraðar gufur, (kolefnis-, nitur-, brennisteins-, og málmoxíð).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, klúta eða mokið upp. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði að lokum með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist snertingu við húð, augu og fatnað. Notið viðeigandi persónuhlífar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Geymið ekki vætta klúta í vösum.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Hlífið við beinu sólarljósi, háu hitastigi og ósamrýmanlegum efnum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Engar.

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysn.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu með hliðarvörn (EN 166), sé hætta á slettum.

Húð - hendur

Notið hlífðarhanska, t.d.úr nitrílgúmmí eða Neopren. (EN 374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 340). Öryggisskór.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síu fyrir gufu/úða.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:

Vökvi

Lykt:

Væg

Litur:

Tær, gulleitur

pH:	5,9
Suðumark:	100°C
Eðlismassi við 20°C:	1,04 g/cm ³
Vatnsleysni við 20°C:	Leysanlegt
Uppgufunarhraði:	Sami og vatns
Eðlismassi (20°C):	1,04 g/cm ³
Seigja (20°C):	Sama og vatns
Rokgjörn lífræn efni (VOC):	86%

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1 Hvarfgirni:
- Varan er óhvarfgjörn við venjulegar notkunaraðstæður.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:
- Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.
- 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:
- Engin þekkt.
- 10.4 Skilyrði sem ber að varast:
- Hátt hitastig, eldur, neistar, snerting við ósamrýmanleg efni (10.5).
- 10.5 Ósamrýmanleg efni:
- Blandið ekki saman við oxara, sýrur eða basa.
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:
- Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar gufur, (kolefnis-, nitur-, brennisteins-, og málmoxíð).

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Evapo-Rust - Ryðeyðandi efni					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	>2000	g/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	g/kg	kanína	

- Innöndun
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið.
- Snerting við húð
- Veldur húðertingu
- Snerting við augu
- Veldur alvarlegri augnertingu
- Inntaka
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið.
- Næming, húð/öndunarfæri
- Neikvætt.
- Krabbamein
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið.
- Stökkbreytingar kímfruma
- Ekkert innihaldsefna í magni >0,1% uppfyllir flokkunarviðmið.
- Eitrun æxlunarfæra
- Neikvætt.
- Áhrif á marklíffæri (eitt skipti)
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið.
- Áhrif á marklíffæri (endurtekin)
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið.
- Ásvelgingarhætta
- Neikvætt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

- 12.1 Eiturhrif:
- Varan uppfyllir ekki flokkunarviðmið um visteiturhrif. Mikil eða tíð losun getur þó haft neikvæð áhrif á umhverfið.
- Þrávirkni og niðurbrot
- Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- Uppsöfnun í lífverum
- Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- Dreifanleiki
- Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- Annað
- Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

- Vara
- Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Útgáfa/Dags: 2 / 30.08.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **CRC INDUSTRIES INC**
SAFETY DATA SHEET
EVAPO-RUST

Endurskoðað: 01.12.2022 Útgáfa: 02